

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 144. löggjafarþings, frá 3. júlí 2015 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 8. september 2015.

*Gjört á Bessastöðum, 2. júlí 2015.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.*“

Alþingi samþykkti hinn 3. júlí 2015 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 144. löggjafarþings, frestað hinn 3. júlí 2015.

*Forsætisráðuneytinu, 3. júlí 2015.*

F. h. r.  
**Arnar Þór Másson.**

---

*Kristín J. Hjartardóttir.*